

Á að baki afskaplega skjöldóttan rithöfundarferil

– segir Þráinn Bertelsson sem sendir frá sér nýja skáldsögu

Eftir langt hlé sendir Þráinn Bertelsson frá sér nýja skáldsögu, Sigla himinfley, en eins og kunnugt er hefur Þráinn verið afkastamikill kvikmyndagerðarmaður síðasta áratug og stundað ritsmíðar á þeim vettvangi. Það var á árunum 1970 til 1974 sem Þráinn sendi frá sér fjórar skáldsögur og er Sigla himinfley fyrsta skáldsaga hans frá þessum árum sem er undir eigin nafni. Þráinn var fenginn í stutt spjall um rithöfundarferil sinn og tilurð nýju skáldsögunnar.

„Söguna má rekja til þess tíma er ég var staddur í Kaupmannahöfn í tilefni sýningar á Magnúsi. Þar hringdi Sveinn Einarsson, innlendur dagskrárgerðarstjóri á Sjónvarpinu, í mig og spurði hvort ég væri ekki tilbúinn að skrifa sjónvarpsseríu. Mér fannst þetta merkilegt frumkvæði af hálfu Sjónvarpsins og tók vel í það. Sveinn hafði ákveðna bók í huga sem ég síðan las en leist ekki á að gæti orðið góð sjónvarpssería og sagði ég Sveini það. Það liðu síðan nokkrir mánuðir en þá hafði hann samband aftur og spurði hvort ég væri ekki tilbúinn að skrifa frum-samda sjónvarpsseríu. Eina skilyrðið var að hún ætti að gerast í sjávar-plássi. Mér leist vel á og tók til við skriftir, skrifaði fyrst sögu í frásagnarformi en breytti síðan í sjónvarpshandrit. Handrit þetta fékk styrk úr norræna sjónvarpssjóðnum og var ákveðið að gera seríuna síðastliðið sumar. En vegna þess að ekki náðust samningar milli norrænu sjónvarpstöðvanna og Félags íslenskra leikara var hætt við upptökuna á síðustu stundu og verkinu frestað. Ég var kominn í vinnugallann og sat uppi heldur ófullnægður, búinn að liggja yfir þessu handriti. Ég fór því aftur að blaða í frumdrögum og skrifaði upp úr þeim skáldsöguna. Nú finnst mér Sigla himinfley, skáldsagan og sjónvarpshandritið, vera nokkurs konar tvíburaverk. Þau eru spottin upp af sama meði en skáldsagan er ekki samin upp úr sjónvarpshandriti og sjónvarpshandritið ekki samið upp úr skáldsögunni.“

Skrifaði skáldsögu undir dulnefni

– Langt er síðan komið hefur út ný skáldsaga frá þér og í nýlegri blaða-

grein varst þú sagður einn af týndu rithöfundunum.

– Já, rétt er það. Ég vona að ég sé að koma í leitirnar. Síðasta skáldsagan sem kom út eftir mig var Paradísarvíti. Það var 1974. Að vísu hef ég skrifað eina skáldsögu í millitíðinni, Tungumál fuglanna, sem gefin var út undir dulnefni. Þetta var á þeim tíma sem ég var ritstjóri Þjóðviljans. Sú bók var á allt öðrum nótum en ég hafði áður gert, spennusaga úr pólitíkinni. Ástæðan fyrir dulnefinu er fyrst og fremst að í bókinni er fjallað um atburði sem gerðust í pólitík á þessum tíma og ég vildi að skáldsagan gæti staðið ein og sér án þess að verið væri að rugla minni persónu sem ritstjóra Þjóðviljans saman við verkið.


– Hvað getur þú sagt mér um Sigla himinfley?

„Hún gerist í Vestmannaeyjum og má segja að sagan fjalli um hvernig tímarnir breytast, hvernig ein kynslóð tekur við af annarri. Aðalpersónan er gamall karl sem einu sinni var skipstjóri en gerist síðan útgerðarmaður og er jafn lélegur útgerðarmaður og hann var áður góður skipstjóri. Hann á enga ættingja sem líklegir eru til að taka við fyrirtækinu, utan sonardóttur sem er viðskiptafræðingur. Hún kemur til Eyja til að vera í afmæli afa síns. Þar tekst þeim gamla að fá hana til að reyna að bjarga honum út úr þrengingum. Sagan fjallar síðan um það hvernig það gengur og stúlkuna sem starfar í umhverfi þar sem karlmenn eru einráðir. Síðan spila ýmsar tilfinningar inn í söguna, stúlkana á kærasta í borginni en það eru vörpulegir menn í Eyjum og kemur ástin við sögu eins og oftast hjá mannfólkinu. Aðalpersónurnar eru sem sagt þessar en einnig koma fram persónur sem til eru í raunveruleikanum og persónur sem ég byggði á sögusögnum ásamt nafnlausum sögumanni.“

Sögumanni bætt við

– Hver er hinn nafnlaus sögumaður?

„Það er persóna sem ekki var til í sjónvarpshandritinu enda ber hann uppi frásögnina og gegnir því ákaflega mikilvægu hlutverki. Hann er alþýðufræðimaður, ákaflega fróður um menn og málefni og veit allt sem



Þráinn Bertelsson. Skáldsaga eftir langt hlé.

gerst hefur en hefur kannski ekki mikinn skilning á samtímanum og allra sist að hann geti beitt öllum þessum fróðleik á eigið líf. Hann er algjör andstæða við „þann gamla“ sem hefur lifað virku athafnalífi á meðan sögumaðurinn hefur lifað í bókum og mikið verið að velta fyrir sér hlutaskipti sínu.“

– Kvikmyndagerðin hefur verið mest áberandi starf þitt á undanförunum árum, er það orsökinn fyrir stórum gloppum í rithöfundarferlinum? „Rithöfundarferill þarf ekki alltaf að vera hvítur, svartur eða rauður, hann getur líka verið skjöldóttur og minn ferill er afskaplega skjöldóttur. Allt frá því ég kom úr skóla hef ég fyrst og fremst lifað á því að skrifa. Hef skrifað skáldsögur, útvarpsþætti, kvikmyndahandrit, blaða-

greinar og í rauninni allt sem nöfn-um er hægt að nefna, þannig að ég er fyrst og fremst skrifandi maður, ekki hreinræktaður skáldsaganhöfundur sem sendir frá sér reglulega bók á eins eða tveggja ára fresti, heldur stunda ég ritstörf af ýmsu tagi. Tímarnir eru gjörbreyttir frá, til að mynda, fyrri hluta þessarar aldar. Þá var staða bókarinnar allt önnur og veröld rithöfundarins var að mörgu leyti einfaldari. Nú er hægt að stunda ritstörf á mun fjölbreyttari máta eins og ég hef til dæmis gert. Hvort það er mér til góðs sem skáldsagnarithöfundur að hafa fengist við svo margt, það veit ég ekkert um, en allavega hafa örlögin skolað mér inn á þetta margar vikur og mér er nokk sama úr hverri vikinni ég ræ.“

-HK

Sami bóka fjöldi og í fyrra

Að öllum líkindum verður álika fjöldi bókatitla gefinn út í ár og í fyrri eða um það bil 400 titlar. Sem fyrr eru fyrirferðarmestar viðtals- og æviminningabækur enda leggja forlögin mest í að auglýsa slíkar bækur upp. Þrjú forlög skera sig nokkuð úr hvað varðar fjölda titla, Skjaldborg, Mál og menning og Íðunn og hefur Skjaldborg vinninginn, gefur út hátt í sextíu titla.

Æfingar á Ronju ræningjadóttur hafnar

Hafnar eru æfingar á fjölskyldusöngleiknum Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren. Frumsýning verður á annan í jólum. Það er Sigrún Edda Björnsdóttir sem leikur titilhlutverkið en leikstjóri er Ásdís Skúladóttir. Tónlistina við söngleikinn samdi Sebastian sem nýtur mikilla vinsælda í Danmörku en hann hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir og leikhús, auk þess sem hann kemur fram sjálfur og hefur gefið út fjölda hljómplatna. Ronja ræningjadóttir er þriðja leikritið eftir Astrid Lindgren sem sett er upp af atvinnuleikhúsum. Nýlökkið er sýningum Þjóðleikhússins á Emil í Kattholti og sýningar á Línu langsock eru í fullum gangi hjá Leikfélagi Akureyrar.

Seinna bindi ævisögu Hermanns komið út


Fyrir tveimur árum kom út fyrri bindi af ævisögu Hermanns Jónassonar, Fram fyrir skjöldu, sem skræð var af Indriða G. Þorsteinssyni rithöfundu. Nýlega kom út seinna bindið og nefnist það Ættjörð mín kæra og nær bókina frá 1939–1976, eða frá upphafi þjóðstjórnar til dánardægis Hermanns. Á meðan þjóðstjórnin sat að völdum undir forsæti Hermanns gengu í garð miklir ór-lagatímar í lífi þjóðarinnar svo og alls heimsins.

Lífsins dóminó

Lífsins dóminó er ævisaga Skúla Halldórssonar, tónskálds og skrifstofustjóra hjá Strætivögn-um Reykjavíkur, sem er að koma út þessa dagana, en hún er rituð af Örnólfí Arnasyni. Í bókinni hlífir Skúli sér ekki við því að fjalla um mál sem aðrir leyndu eða láta liggja í þagnargildi. Í bókinni er meðal annars forvitnileg lýsing Skúla á heimilisbragnum í húsi ömmu hans í Vonarstræti 12 þar sem hann bjó á kreppuár-unum og snillingar, þjóðskáld og ættstór ungumenn sátu að sumbli í stofum skáldkonunnar þótt sjálf bragðaði frá Theodóra Thoroddsen aldrei vín.

Skáld lesa úr verkum sínum

Bókaforlagið Mál og menning stendur fyrir kynningu á nýjum bókum í Norræna húsinu annað kvöld. Þar mun Helgi Hálfðanarson lesa úr þýðingum sínum á kínverskum ljóðum og áður óbirt ljóð eftir Snorra Hjartarson sem væntanlegt eru í nýju heildarsafni Snorra. Aðrir sem koma fram eru Einar Kárasen, Kristín Ómarsdóttir, Inga Huld Hákonar-dóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Gyrðir Elíasson og Thor Vilhjálmsson, sem öll munu lesa úr eigin verkum, auk þess mun Hjalti Rögnvaldsson leikari lesa úr smásagnasafni Böðvars Guðmundssonar og úr nýrri þýðingu Sigurðar A. Magnússonar á verki James Joyce, Ódyssseifi.



Rúri Þyrjuð á sínum fjörlut og fimm fersentimetrum í íslenska myndlistarreflinum.

DV-mynd GVA

Málað á íslenska myndlistarrefilinn

Skemmtilegt verkefni er í gangi á hinu vinsæla kaffihúsi Mökkakaffi, þeim veitingastað sem flestir listamenn hafa sopið á kaffi í áratugi. Á Mokka er verið að mála íslenska myndlistarrefilinn. Daglega koma myndlistarmenn, einn á dag, og mála sinn skammt á refilinn og hefur svo verið síðan 26. október og mun verkinu ekki ljúka fyrr en 7. desember.

Íslenski myndlistarrefillinn er tæplega sextán metra langur og fimmtíu sentímetra breiður segldúk-ur sem strengdur er eftir endilöngum veggjum Mökkakaffis og í heild verða það þrjátíu og fimm myndlistarmenn sem leggja vinnu í að fullgera myndlistarrefil þennan. Þegar ljósmyndara DV bar að garði í gær-dag var myndlistarkonan Rúrí að mála sinn skammt og tók hún við af Ásgerði Búadóttur.